

Skýrsla Hjálmanefndar

41.Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar
23. til 24. september 2011

Í nefndinni starfa
Guðm. Oddgeir Heklu
Helgi Straumfjörð Kötlu

Eimskip Ísland ehf. og Kiwanisumdæmið á Íslandi hafa gert samstarfssamning, um afhendingu hjálma 2011 – 2013. Markmið verkefnisins er að auka öryggi barna í umferðinni og við hjólreiðar með því að gefa öllum börnum í fyrsta bekk grunnskóla á Íslandi reiðhjólaljálma.

Í byrjun maí gaf Eimskip og Kiwanishreyfingin öllum nemendum í 1. bekk í grunnskólum landsins reiðhjólaljálma. Þetta er í áttunda skiptið sem félögin standa að þessu verkefni en það er farið að telja vel á fimmta tug þúsunda hjálma sem hafa verið afhentir. Alls voru um 4.400 reiðhjólaljálma dreift í um 160 skóla kringum landi, heildarverðmæti verkefnisins er um 25 milljónir kr.

Í ár var boðið rúmlega 100 börnum ásamt bæjarstjórum 6 sveitarfélaga á Reykjavíkursvæðinu

Verkefnið byrjaði með útihátíð hjá Eimskip við Klettagarða með hljómsveitinni Pollapönk og veitingum og að lokum var afhent bleikir og bláir hjálmar til barna 1 bekkjar.

Sá háttur sem verið hefur að virkja Svæðisstjóra sem tengilið við klúbba hefur gengið misvel og mun ég óska eftir góðu samstarfi við komandi Svæðisstjóra.

Aðferðir klúbba við afhendingu hjálma hefur verið mismunandi. Og má þar nefna kirkjur, útihátíðir, íþróttahúsum og skólastofum.

Ekki má gleyma fræðslunni til barnanna um notkun hjálma og þar eiga margir klúbbar mjög vel hæfa einstaklinga til að fræða börnin eða fá lögreglu og eða hjúkrunarfræðing skólans til að annars það.

En síðast en ekki síst ber að þakka samstarf við klúbbana og fyrrum félagi í Korra í Ólafsvík og Smyrils í Borgarnesi.

Guðmundur Oddgeir
Helgi Straumfjörð